

## **Viðmið við afgreiðslu sjóða;**

Áskrift af stafrænum/rafrænum fræðslupökkum er styrkhæf um 81-90% af reikningi. Einungis er hægt að sækja um styrk vegna slíkra fræðslupakka eftir að 6 mánuðir hafa liðið af áskrift og virkni starfsfólks sýnileg í keyptum pökkum. \*

### **Með umsókn þarf að fylgja greinagerð sem tekur á eftirfarandi:**

- Fræðsluáætlun fyrirtækis
- Hvernig viðkomandi kemur fræðslunni á framfæri til ákveðinna hópa/starfsmanna
- Hvaða fræðsla\*\* hefur verið keyrð frá áskrift og hvaða fræðsla er ætluð fyrir ákveðna hópa
- Hvenær og hvernig starfsfólki er ætlað að nýta fræðsluna
- Sýnt er fram á að 80% félaga hafi tekið þátt í fræðslu sem hluti af starfsþróun þeirra

Til viðbótar gilda skilyrði almennra umsókna ásamt fylgigögnum.

\* Á ekki við þegar keyptir eru fræðslupakkar fyrir einstaka starfskrafta.

\*\*Námskeið, spretti, ákveðna pakka eða annað sem fellur undir fræðslu.

Umsóknir eru aldrei afgreiddar nema skýr greinagerð fylgi með. Þegar sótt er um í annað sinn er jafnframt til þess ætlast að með fylgi samantekt og notkun vegna fyrri áskriftar. Þá er skilyrt að 80% félagsmanna hafi tekið þátt í einhverjum þeirra námskeiða sem í boði voru og sýnt sé fram á það með gögnum.

Styrkveitingar Landsmenntar eru aldrei meiri en allt að 90% af kostnaði.